

**Sp. 476. Tillaga til þingsályktunar**

um brúargerðir í Árnessýslu.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson, Bjarni Bjarnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta gera brýr á eftirtaldar ár í Árnessýslu, svo fljótt sem kostur er:

- a. Brú á Litlu-Laxá á Þjóðveginum í Hrunamannahreppi.
- b. Brú á Þverá á Þjóðveginum í Gnúpverjahreppi.
- c. Brú á Hvítá hjá Kiðjabergi.

Enn fremur að láta rannsaka brúarstæði á Tungufljóti hjá Króki í Biskupstungum og hvað sú brú muni kosta.

**G r e i n a r g e r ð .**

Mikil nauðsyn er á því, að ofantaldar brýr verði byggðar svo fljótt, sem möglegt er. Þessi vatnsföll, sem brúa á, eru oft ill yfirferðar og valda ferðamönnum hinum mestu erfiðleikum. Veldur það íbúum þessara sveita oft miklu tjóni, að þessi vatnsföll eru enn óbrúuð. Verður vonandi hafizt handa um þessar framkvæmdir skjótlega.